



Skýrsla stjórnar um starfsárið 2024- 2025

Lögð fram á ársfundi 15. maí 2025

Inngangur

Á ársfundi 15. maí 2024 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjá í stjórn til eins árs í senn, úr hópi skráðra fulltrúa.

Stjórn 2024-2025:

- Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari

Fulltrúaráð 2024-2025:

- Bryndís Fjóra Pétursdóttir
- Gunnar Árnason
- Jón Örn Pálsson
- Margrét Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri í 50% starfi er Aðalheiður Steingrímsdóttir.

Stjórnin hefur haldið fimm stjórnarfundum á starfsárinu. Aðrir fulltrúar í fulltrúaráði hafa einnig setið fundina þegar þeir hafa haft tæk á.

Stjórn AkAk þakkar öllum sem komið hafa að starfseminni á starfsárinu fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

Akureyri 13. maí 2025

F.h. stjórnar

Sigurgeir Guðjónsson, formaður

Skýrsla stjórnar um starfsárið 2024-2025

Skýrslan skiptist í fjóra kafla með hliðsjón af stefnu AkAk sem samþykkt var á ársfundi 2021.

1. Fjármál og rekstur
2. Aðstaða og faglegt starf
3. Miðlun upplýsinga
4. Ytra samstarf

1. Fjármál og rekstur

Markmið stefnu AkAk um fjármál og rekstur er að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Fyrsti samstarfssamningur AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstrarframlag á fjárlögum var gerður árið 2015 og með honum var lagður grunnur að stöðugleika í rekstri og starfsemi AkAk. Samningurinn gildi út árið 2017 og eftir það hafa verið gerðar árlegir viðaukar. Á árinu 2024 var rekstrarframlagið til AkAk 11,1 m.kr. Frá árinu 2022 hefur AkAk fallið undir málefnasvið háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, eins og önnur þekkingarsetur í landinu, og háskólar. Heiti ráðuneytisins var breytt í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti þegar ný ríkisstjórn tók við eftir Alþingiskosningar í nóvember á síðasta ári. Sigurður Steingrímsson hefur verið tengiliður ráðuneytanna við AkAk.

Fyrir Alþingiskosningar á síðasta ári tilkynnti þáverandi ráðuneyti AkAk með bréfi dags. 20. september 2024 að ráðuneytið ætlaði að láta fara fram úttekt á samningnum við AkAk í samræmi við 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018 til að leggja mat á árangur og hagkvæmni samningsins við AkAk. Meðan ekki lægju fyrir niðurstöður úttektarinnar yrði ekki unnt að framlengja gildandi samning eða gera nýjan. Ráðuneytið tilkynnti einnig að samhliða úttektinni yrði einnig kannað hvort í stað framlags til fræðiakademía (AkAk og ReykjavíkúAkademían) auki ráðuneytið fjárframlag í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna. Slíkt fyrirkomulag myndi fela í sér tilfærslu fjár og kalla á að AkAk sækti fjármagn eftir nýjum leiðum, t.d. með því að innheimta aðstöðugjald hjá fræðimönnum. Ráðuneytið myndi tryggja AkAk fjárframlag fyrstu sex mánuði ársins 2025, samtals 5,75 m.kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri áttu fund með tengilið ráðuneytisins 9. október um fyrirhugaða úttekt og hugmyndir ráðuneytis um að breyta fyrirkomulagi fjárveitinga til AkAk. Á fundinum undirstrikaði stjórn sérstöðu AkAk og að Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna gæti ekki komið í stað samnings við stofnunina. Stjórn skilaði svörum við spurningum úttektarinnar á AkAk til ráðuneytis 30. október. Eftir að ný ríkisstjórn tók við eftir Alþingiskosningar settu stjórn og framkvæmdastjóri sig í samband við nýjan ráðherra og aðstoðarmann ráðherra og fengust munnlegar upplýsingar um að ráðherra ætlaði

ekki að nota þá nálgun sem fyrri ráðherra var með varðandi breytingar á fjárveitingum til AkAk og sem tilkynnt var um í áður nefndu bréfi til AkAk í september 2024. Framkvæmdastjóri AkAk og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar hafa einnig rætt saman um málin. Í byrjun febrúar 2025 sendi stjórn formlegt erindi til ráðherra um að gerður væri nýr samstarfssamningur til þriggja ára milli AkAk og ráðuneytisins. Síðan þá hefur það erindi verið ítrekað með formlegum og óformlegum hætti. Þann 12. maí sendi aðstoðarmaður ráðherra eftirfarandi skriflega staðfestingu til AkAk: „Fráfarandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hafði boðað endurskoðun á fyrirkomulagi Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna og voru samningar við Akureyrar og Reykjavíkur Akademíurnar því framlengdir til 30. júní 2025. Núverandi menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra hefur ákveðið að framlengja samningana til 30. júní 2026 vegna yfirstandandi endurskoðunar á lagaumhverfi sjóða í ráðuneytinu.“

Ársreikningur AkAk fyrir árið 2024 sýnir jafnvægi í fjármálum og rekstri. Rekstrartekjur voru 15,09 m.kr. og rekstrargjöld 12,0 m.kr. Afgangur varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2024 kr. 1,1 m.kr. samanborið við kr. 731 þús. í afgang af rekstri árið 2023.

Upphafleg upphæð lánsins sem tekið var til að kaupa húsnæði AkAk í Sunnuhlíð í ársbyrjun 2020 er 20,250 m.kr. Mánaðarleg afborgun þann 1. maí sl. var kr. 211.650 kr., þar af vextir kr. 173.318. Eftirstöðvar af láninu voru þá 17,8 m.kr.

Ársfundur AkAk 2024 samþykkti þá tillögu stjórnar að við gerð árlegrar rekstraráætlunar væri heimilt að merkja ákveðna upphæð í áætluninni sem vísindastyrki sem innanhúsfólk gæti sótt um samkvæmt ákveðnum reglum og voru þær einnig kynntar á fundinum og samþykktar. Á ársfundi 2024 voru Sigurgeir Guðjónsson og Margrét Guðmundsdóttir kosin í úthlutunarnefnd og er framkvæmdastjóri sjálfskipaður. Í rekstraráætlun 2024 voru kr. 200 þúsund merktar sem vísindastyrkir. Á árinu 2024 barst ein umsókn um styrk, að upphæð kr. 100 þúsund, og var hún samþykkt.

2. Aðstaða og faglegt starf

Markmið stefnu AkAk um aðstöðu og faglegt starf er að bjóða einstaklingum upp á góða aðstöðu og þjónustu til að vinna að hugðarefnum sínum og að efla samveru og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.

Húsnæði, aðstaða, þjónusta og innanhússtarf

Í húsnæði AkAk eru vinnupláss fyrir 12 einstaklinga hverju sinni. Að auki leigir bókhaldsþjónustan Dill ehf. rými í húsnæði AkAk og þar starfa tveir starfsmenn.

Alls voru 20 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á starfsárinu 2024-2025, til lengri eða skemmri tíma: Arna Björg Bjarnadóttir, Benedikt Sigurðarson, Bryndís Fjóla Pétursdóttir, Dagur Tómas Ásgeirsson, Fayrouz Nouh,, Gunnar Árnason, Jón Örn Pálsson, Juan Reyero, Margrét Guðmundsdóttir, Martina Huhtamäki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Pétur Guðjónsson, Pétur Björgvin Þorsteinsson, Rannveig Karlsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Steingrímur Karlsson, Þorgerður Anna Björnsdóttir og Þórhallur S. Bjarnason.

Til samanburðar voru 27 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á starfsárinu 2023-2024, 18 á starfsárinu 2022-2023 og 16 á starfsárinu 2021-2022. Skýringin á því að fleiri einstaklingar voru með vinnuaðstöðu á starfsárinu 2023-2024 en hin árin er að þá voru fleiri einstaklingar í stuttan tíma hjá AkAk og því hægt að bjóða fleirum vinnupláss.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: verkefnum í fjarvinnu, frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum, margvíslegum ritstörfum, kennslu, rannsóknum og stundað nám við innlenda og erlenda háskóla.

Einn liður í stefnu AkAk er að leggja fyrir árlegar kannanir meðal þeirra sem leigja þar vinnuaðstöðu þar sem spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá stofnuninni og var fyrsta könnunin lögð fyrir vorið 2022. Markmiðið er að greina starfsemina og að nýta niðurstöður til að bæta hana. Niðurstöður kannana hafa sýnt almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar hafa einnig komið fram gagnlegar ábendingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á áherslum, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

Löng hefð er fyrir félagslegri samveru og ýmsu samstarfi innanhúsfolks, eins og tiltektardögum, súpufundum, vorferðum og jólaboðum. Á súpufundum hittist fólk í hádeginu og segir frá verkefnum sínum og rætt er um það sem er á döfinni í starfsemi AkAk.

Tiltektardagur var haldinn 30. maí 2024 og lagað til í húsnaðinu eftir veturinn. Farið var í sumarferð 18. júlí og haldið að Goðafossi til að taka þátt í viðburðinum *Hátíð drekans við Skjálfandafljót*, og eftir það var keyrt um Bárðardal að Aldeyjarfossi og stoppað á Kiðagili til að snæða kvöldmat áður en haldið var heim. Í ágúst var opið hús í tilefni af Akureyrarvöku og bæjarbúum boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina og skoða aðstæður. Á haustmisseri voru haldnir þrír súpufundir, jólaboð fór fram 6. desember í Zontahúsinu við Aðalstræti 54, og á vormisseri voru fimm súpufundir haldnir. Á haustmisseri voru einnig haldin svonefnd fimmtudagskaffi en þá hittist innanhúsfólk í kaffistofunni annan hvern fimmtudag kl. 10 til að spjalla og fá sér morgunkaffi og meðlæti sem fólk skiptist á að koma með. AkAk bauð frambjóðendum stjórnmalaflokkanna í Norðausturkjördæmi sem tóku þátt í Alþingiskosningunum í nóvember 2024 í heimsókn þann 14. nóvember. Tilgangurinn var að fá að heyra

um áherslur flokkanna varðandi aðstæður þeirra sem vinna að fræði- og ritstörfum og annarri þekkingarsköpun á Akureyri og á Norðausturlandi og að fræða frambjóðendur um hlutverk og starf AkAk. Langflestir flokkar þekktust boðið og sköpuðust gagnlegar samræður innanhúsfólks og frambjóðenda. Á vormisseri hafði AkAk milligöngu um námskeið fyrir félaga sína um skapandi skrif um veruleikann. Námskeiðið var haldið helgina 14. – 16. febrúar 2025 og tóku níu félagar þátt í því. Leiðbeinandi var Björg Árnadóttir hjá *Stílvopninu*. Í lok apríl komu forstöðumenn Konfúsíusarstofnunar við Háskóla Íslands í heimsókn og tveir kínverskir sendikennarar sem starfa í Reykjavík. Þorgerður Anna Björnsdóttir, er þriðji sendikennarinn, en hún er með vinnuaðstöðu hjá AkAk og sinnir þar óstaðbundnu starfi hjá Konfúsíusarstofnun, ásamt því að kenna akureyrskum grunnskólabörnum kínversku.

Framkvæmdir í Sunnuhlíð

Frá því í ágúst 2022 hafa verið miklar framkvæmdir í Sunnuhlíð við að koma heilsugæslunni á Akureyri fyrir á annarri hæð núverandi byggingar og í viðbyggingu sem reist var til norðurs. Fasteignafélagið Reginn (nú Heimar) sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð var í forsvari fyrir þessum framkvæmdum með samningum við Framkvæmdasýslu ríkisins. Heilsugæslan flutti í nýja húsnæðið í febrúar 2024. Starfsmannaaðstaða heilsugæslunnar er í kjallara aðalbyggingarinnar og þar var einnig útbúin aðstaða fyrir ýmsa heilsutengda þjónustu. Í tengslum við framkvæmdirnar samþykkti Reginn að láta gera dyr úr eldhúsinu í húsnæði AkAk og að smíða verönd fyrir utan og að greiða kostnaðinn við þessar aðgerðir. Veröndin er samnýtt með öðrum eigendum í Sunnuhlíð. Eftir er að ganga frá nýjum eignaskiptasamningi þeirra aðila sem eiga húsnæði í Sunnuhlíð og að gera upp ýmis mál sem tengjast framkvæmdunum.

3. Miðlun upplýsinga

Markmið stefnu AkAk um miðlun upplýsinga er að efla fjölbreytta miðlun um starfið til að auka sýnileika í samfélaginu.

Gagnagrunnur um verkefni og viðburði

Í október 2021 kom út skýrsla sem Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, tók saman í tilefni af 15 ára afmæli AkAk sem hefur að geyma skrá yfir verkefni sem fólk vann að hjá AkAk frá árinu 2006 og viðburði sem AkAk var með á sama tímabili. Skránum var komið fyrir í gagnagrunni á vefsíðu AkAk. Í skýrslunni kemur fram að á tímabilinu frá 2006 og til 31. ágúst 2021 voru 97 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk, langflestir þeirra voru námsmenn og/eða kennarar við innlenda og erlenda háskóla og þar að auki margbreyttur hópur vísinda- og fræðimanna, listamanna og frumkvöðla sem flestir eru einyrkjar. Innanhúsfólk vann að fjölbreyttum hugðarefnum: lokaverkefnum í háskólanámi (grunn-, framhalds- og doktorsnám) á fjölda fræðasviða, greinum/köflum í tímaritum/bókum,

ritverkum, sýningum, frumkvöðlaverkefnum, skýrslum og námsefni. Á sama tímabili stóð AkAk fyrir ríflega 150 viðburðum af margvíslegu tagi.

Yfirlit yfir verkefni innanhúsfólks í skýrslu Margrétar Guðmundsdóttur frá 2006 og til 6. október 2021

BA/BS verkefni	4	Meistaraverkefni	24
Doktorsverkefni	10	Greinar/kaflar í tímaritum/bókum	139
Ritverk	32	Skýrslur	24
Sýningar	22	Frumkvöðlaverkefni	2
Námsefni	1		

Eftir að skýrslan kom út hafa skrár um fjölda innanhúsfólks, verkefni og viðburði verið uppfærðar jöfnum höndum. Frá 31. ágúst 2021 og til ársloka 2024 voru 30 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk, þar af 10 frumkvöðlar, átta voru í fjarvinnu (óstaðbundin störf), sjö voru sjálfstætt starfandi og fimm voru í námi við innlenda og erlenda háskóla. Þar að auki voru 21 aðrir einstaklingar með aðstöðu hjá AkAk á þessu tímabili en þeir eru ekki taldir með því þeir eru ýmist á nafnalista yfir innanhúsfólk AkAk sem Margrét Guðmundsdóttir tók saman eða á nafnalista á tímabilinu frá 31. ágúst 2021 til ársloka 2023 (hver einstaklingur er aðeins talinn einu sinni). Innanhúsfólk vann að fjölbreyttum hugðarefnum: lokaverkefnum í háskólanámi (grunn- og doktorsnám) á ýmsum fræðasviðum, skýrslum/umsögnum, greinum/köflum í tímaritum/bókum, frumkvöðlaverkefnum og ritverkum. Frá 6. október 2021 og til ársloka 2024 stóð AkAk einnig fyrir 56 viðburðum af margvíslegu tagi. Upplýsingarnar hafa jöfnum höndum verið færðar inn í gagngrunninn á vefsíðunni og þeim einnig komið til ráðuneytisins.

Yfirlit yfir verkefni innanhúsfólks frá 6. október 2021 til ársloka 2024:

BA verkefni	1	Doktorsverkefni	1
Skýrslur/umsagnir	26	Greinar/kaflar í tímaritum/bókum	19
Frumkvöðlaverkefni	11	Ritverk	3

Fréttabréf

Á starfsárinu komu út samkvæmt áætlun fimm fréttabréf en þau hófu göngu sína í nóvember 2020. Tilgangur fréttabréfanna er að miðla upplýsingum til félaga og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinni hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

4. Ytra samstarf

Markmið stefnu AkAk um ytra samstarf er að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Akureyrarbær

Akureyrarbær og AkAk endurnýjuðu samstarfssamning sinn í maí 2024 til næstu þriggja ára um stuðning við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk sem felur í sér að bjóða tveimur einstaklingum sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna upp á vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Úthlutunartímabil eru tvö á hverju ári, annars vegar frá 1. mars – 31. ágúst og hins vegar frá 1. september – 28. febrúar og er auglýst eftir umsóknum í janúar/febrúar vegna fyrra tímabilsins og í ágúst vegna þess síðara. Við mat á umsóknum skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
- Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
- Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.

Yfirlit yfir umsóknir og úthlutanir.

Haustið 2021 var í fyrsta skipti auglýst eftir umsóknum.

Úthlutunartímabil	Umsóknir
1. september 2021 – 28. febrúar 2022	Þrjár umsóknir, einn umsækjandi hætti við, hinir tveir þáðu vinnuaðstöðuna, annar þeirra þurfti að hætta eftir tvo mánuði vegna breyttra aðstæðna hjá viðkomandi.
1. mars 2022 – 31. ágúst 2022	Engar umsóknir þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.
1. september 2022 – 28. febrúar 2023	Ein umsókn og þáði umsækjandi vinnuaðstöðuna.
1. mars 2023 - 31. ágúst 2023	Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuaðstöðuna. Annar umsækjandinn þurfti að hætta þegar þrír mánuðir voru eftir af úthlutunartímanum vegna breyttra aðstæðna hjá viðkomandi og var vinnuplássinu úthlutað tímabundið til einstaklings sem hafði þá spurst fyrir um aðstöðu til að vinna að frumkvöðlaverkefni.
1. september 2023 - 29. febrúar 2024	Þrjár umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuaðstöðuna og deildu tveir þeirra með sér einu vinnuborði. Einn þeirra gat hins vegar ekki notað vinnuaðstöðuna sem skyldi vegna persónulegra aðstæðna hjá viðkomandi.
1. mars 2024 – 31. ágúst 2024	Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuaðstöðuna.
1. september 2024 til 29. febrúar 2025	Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuaðstöðuna.
1. mars 2025 til 31. ágúst 2025	Engar umsóknir

Þó að vinnuplássinn gangi ekki út þá greiðir Akureyrarbær samt sem áður fyrir þau, og eru greiðslur gerðar upp tvisvar á ári. AkAk leigir út vinnupláss sem ekki er sótt um samkvæmt venjulegum forsendum. Eins og sjá má af yfirlitinu þá fóru umsóknir ágætlega af stað þegar auglýst var í fyrsta skipti eftir umsóknum en bakslag varð á árinu 2022 vegna Covid-19 og samkomutakmarkana. Umsóknir fóru aftur í gang þegar kom fram á árið 2023.

Frumkvöðlarnir hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum: hugbúnaðarlausnum á netinu fyrir fyrirtæki, dans- og hreyfimeðferð sem meðferðaráætlun fyrir félagslega heilsu á Íslandi, varðveislu sagnaarfs um álfa og huldufólk á Akureyri/Eyjafirði, uppbyggingu hátæknigróðurhúss, kynningar- og fræðsluefni um tegundir og táknfræði blóma í menningar- og sögulegu samhengi, uppbyggingu núvítundarseturs, uppbyggingu hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum, gerð sjónvarpsþátta um óbyggðir á Íslandi, undirbúningi að Sjávarlífssafni á Akureyri og gerð sýningar um sjávarlíf, undirbúningi að leiklistarskóla á Akureyri fyrir aldurinn 16 - 23ja ára og leiklistarnámskeiði fyrir fólk á aldrinum 67 ára og eldri.

Háskólinn á Akureyri

Yfirlit yfir samstarf AkAk og HA á starfsárinu:

- AkAk veitir HA árlega upplýsingar um innanhúsfólk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra um að taka að sér kennslu eða önnur verkefni. Á listanum eru hverju sinni þeir sem hafa samþykkt að veita HA upplýsingar um helstu atriði varðandi menntun sína og feril í þessum tilgangi.
- AkAk og félagsvísindadeild HA stóðu saman að viðburði í HA 11. september 2024 undir yfirskriftinni „Félagastarf, lýðræðis- og stjórnmálaþróun á Íslandi 1875-1968. Kynningar á nýjum rannsóknum“. Þar kynntu Hrafnkell Lárusson og Skafti Ingimarssonar nýjar rannsóknir sínar á þessu fræðasviði. Rannsókn Hrafnkels heitir „Lýðræði í mótun – áhrif félagsshreyfinga á lýðræðisþróun á Íslandi 1874–1915“, og Skafta „Nú blakta rauðir fánar: Saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918–1968“.
- AkAk og HA efndu til opins kynningarfundar í HA 3. apríl 2025 um starfsemi AkAk undir yfirskriftinni „Fjölbreytt og skapandi samfélag“. Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor HA, setti fundinn með ávarpi, Sigurgeir Guðjónsson, formaður stjórnar AkAk, kynnti starfsemi Akademíunnar, innanhúsfólk sagði frá verkefnum sínum, Tom Barry, forseti hug- og félagsvísindasviðs HA, sleit fundinum með nokkrum orðum, og Katrín Eiríksdóttir, verkefnastjóri í HA, stýrði samkomunni. Um það bil 20–25 manns sóttu fundinn. Eftirtalin kynntu verkefni sín:
Aðalheiður Steingrímsdóttir, sagnfræðingur og kennari: *Verkalýðs- og stjórnmálastarf róttækra kvenna á Akureyri*.
Bryndís Fjóla Pétursdóttir, garðyrkjufræðingur og Bowentæknir: *Álfar og huldufólk styðja umhverfisvernd*.

Dagur Tómas Ásgeirsson, stærðfræðingur: *Kunna tölvur stærðfræði?*

Gunnar Árnason, þroskaþjálfari og kennari: „*Það sem drepur þig ekki styrkir þig.*” *Seigla í tengslum við geðheilsu starfsmanna.*

Jón Örn Pálsson, sjávarútvegsfræðingur: *Þróunarstarf með áherslu á umhverfissvænar aðferðir í framleiðslu sjávarfangs.*

Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur: *Skerfur til atvinnusögunnar. Rannsóknir á stéttum iðnaðarmanna.*

Skafti Ingimarsson, sagnfræðingur: „*Hinn gamli harði vetur*“: *Um harðindin og hungursneyðina miklu á Íslandi 1601-1605.*

Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskukennari og sjálfstætt starfandi fræðimaður: *Lestrar- og skriftarþjálfun barna með itarefni við kennsluvefinn Icelandic Online – Börn.*

Þórhallur Sigurjón Bjarnason, véltækni-fræðingur: *Framleiðsla á hreinum afurðum úr vistvænum auðlindum.*

ReykjavíkurAkademían

Yfirlit yfir samstarf AkAk og RA á starfsárinu:

- Sameiginlegur póstlisti akademíanna var notaður eins og áður til að miðla ýmsum upplýsingum og fréttum.
- Samstarfssamningur akademíanna var endurnýjaður í maí 2024 til næstu þriggja ára.
- Í byrjun febrúar 2025 var haldinn netfundur akademíanna til að ræða um samstarfsmál.

Viðburðir

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Undanfarin ár hefur verið samstarf í gangi á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi og aðgengilega fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins.

Í desember 2023 og í janúar 2024 fékk AkAk styrki hjá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA og samfélagssjóði Norðurorku hf. til að vera með fyrirlestra á árinu 2024 fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa. Skipulagðir voru samtals átta fyrirlestra á árinu 2024 og fóru þeir ýmist fram á Hlíð eða Lögmannshlíð. Yfirlit yfir fyrirlestrana:

- Þorgerður Anna Björnsdóttir. *Steinunn Jóhannesdóttir Hayes*: „*Ég vildi verða eitthvað mikið og vinna afrek*“. Erindi flutt 26. apríl 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri.

- Hörður Geirsson. *Iðnaðarbærinn Akureyri*. Erindi flutt 31. maí 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri.
- Heiða Björk Vilhjálmisdóttir. *Akureyri í myndlist*. Erindi flutt 28. júní 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri.
- Þórarinn Hjartarson. *Stelpur, konur og kerlingar í ljóðum, lausu máli og söng*. Tónlistar- og kvæðadagskrá flutt 23. ágúst 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri.
- Helga A. Erlingsdóttir. *Goðafoss - Þaðan sem leiðir liggja til allra átta*. Erindi flutt 6. september 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri.
- Valgerður H. Bjarnadóttir. „Ég heyri klukknaðið“ – *Ítalíuferð Davíðs Stefánssonar veturinn 1920-1921*. Erindi flutt 20. september 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri.
- Bryndís Fjola Pétursdóttir og Katrín Jónsdóttir. *Álfar og huldufólk á Akureyri*. Erindi flutt 4. október 2024 í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri.
- Jón Hjaltason. *Káinn, Fjaran og Vesturheimsferðir*. Erindi flutt 15. nóvember 1924 í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri.

Tæplega 500 gestir sóttu þessa viðburði.

Á árinu 2025 voru skipulagðir fjórir fyrirlestrar á hjúkrunarheimilunum og var fyrsti fyrirlesturinn haldinn 11. apríl 2025 í salnum á hjúkrunarheimilinu Hlíð en þá sagði Hörður Geirsson, safnvörður ljósmyndasafns Minjasafnsins á Akureyri, frá verkefni sem felur í sér að nota gervigreind til að nafngreina óþekkta einstaklinga á ljósmyndum. Um það bil 60 gestir sóttu viðburðinn. Næstu fyrirlestrar verða haldnir um miðjan maí og því næst í september og október og eru þeir sem hér segir:

- 16. maí, Þorgerður Anna Björnsdóttir, *Skyggst í menningarheim Kína*.
- 19. september, Jón Hjaltason, *Vesturheimshugur Norðanlands á árunum 1873 – 1880. Hvað rak á eftir fólki að fara og hvað hélt aftur af því*.
- 31. október, Heiða Björk Villhjálmisdóttir, *Umjöllun um listaverk í eigu Listasafnsins á Akureyri*.

Bakarís-fyrirlestrar

Bakarís-fyrirlestrarnir eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Einn bakarís-fyrirlestur var haldinn á starfsárinu. Martina Huhtamäki, kennari við háskólann í Helsinki, sagði frá rannsóknum sínum á tungumálalandslaginu á Akureyri út frá samfélagslegu sjónarhorni. Um það bil 15 gestir sóttu kynninguna.

Aðrir viðburðir

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við HÍ og Huldustígur ehf. stóðu fyrir *Hátíð drekans við Skjálfandafljót* þann 18. júlí 2024 vestan fljótsins við Goðafoss. AkureyrarAkademían og Þingeyjarsveit styrktu verkefnið. Tilfnið var að á árinu 2024 var ár drekans í Kína samkvæmt kínversku tímatali og því þótti upplagt að heiðra drekann við fljót eða vatn á Íslandi og varð Skjálfandafljót fyrir valinu en drekinn er einn af landvættum Íslands og á sér langa og merkilega sögu hér á landi. Á hátíðinni leiddi Bryndís Fjóla Pétursdóttir gesti inn í heim drekans, Jón Friðrik Benónýsson sagði frá sögu drekans sem landvætti, Þorgerður Anna Björnsdóttir sagði frá tengingu drekans við menningu Kína og las kínverska þjóðsögu um dreka, Helga A. Erlingsdóttir ræddi um sögu og mannlíf við Fljótið og Goðafoss, Rakel Hinriksdóttir skapaði dreka sem gestir hátíðarinnar fengu að mála og Þorgerður Anna kynnti temningu og bauð gestum að dreypa á tei frá Kína. Hópur frá AkAk fór í sumarferð þennan dag og sótti m.a. viðburðinn.